

Samstarfsyfirlýsing um framkvæmd vigtunar og eftirlit

Hér með gera Hafnasamband Íslands og Fiskistofa með sér eftirfarandi samstarfsyfirlýsingu um framkvæmd vigtarmála:

1. Íslenskar hafnir og Fiskistofa hafa sameiginlega hagsmuni af því að vigtun sjávarafla sé örugg og lúti vönduðu verklagi. Hafnirnar byggja aflagjaldstekjur á því að allur afli sé rétt vigtaður og tegundagreindur. Hlutverk Fiskistofu er að gæta hagsmuna þjóðarinnar við ábyrga og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafs og vatna. Stofnunin annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og byggir upplýsingar um nýtingu nytjastofna sjávar á því að allur afli sé vigtaður og rétt skráður. Hafnirnar og Fiskistofa eru því sammála um að samstarf byggt á samvinnu og sameiginlegum verkferlum sé farsælast til þess að tryggja að allur afli skili sér til vigtunar og að upplýsingar byggðar á vigtuninni séu traustar og áreiðanlegar.
2. Í lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar segir að öllum aflu, sem íslensk skip veiða úr stofnum, sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skuli landað innan lands og hann veginn á löggilttri hafnarvog í innlendri höfn. Sömu reglur gilda varðandi erlend skip sem landa afla á Íslandi. Hafnirnar skulu samkvæmt lögnum uppfylla kröfur um aðstöðu til vigtunar afla og eftirlit.
3. Aðilar þessarar samstarfsyfirlýsingar eru sammála um eftirfarandi:
 - a. Fiskistofa og íslenskar hafnir munu vinna saman að gerð verkferla, sem unnið verði eftir við vigtun og skráningu sjávarafla á hafnarvog og eftirlit með vigtun á hafnarvog. Markmið aðila er að með skýrum vinnuferlum verði eftirlit og framkvæmd vigtunar eins vönduð og kostur er.
 - b. Fiskistofa mun vinna að því að bátum og skipum verði gert skylt að senda höfnunum upplýsingar úr afladagbók um afla og tegund afla áður en komið er til hafnar og verða þessar upplýsingar forskráðar rafrænt á vigtarnótur í aflaskráningarkerfinu Gafli. Fiskistofa mun vinna að því að auðvelda sendingu slíkra upplýsinga með aðlögun rafrænnar afladagbókar og með gerð smáforrits, sem þjónað getur smærri aðilum.
 - c. Til þess að styrkja frumeftirlit starfsmanna hafnanna og tryggja feril þess að landaður afli skili sér á hafnarvog þá eru aðilar sammála um að úrvinnsla og eftirlit vegna endurvigtunar færist til Fiskistofu.
 - d. Aðilar samstarfsyfirlýsingarinnar eru sammála um að hvetja til þess að reglum verði breytt í þá veru að heimavigtunarleyfi verði aðeins gefin út vegna löndunar á uppsjávarafla og þangi og þara.
 - e. Aðilar þessarar samstarfsyfirlýsingar leggja áherslu á mikilvægi þess að löggiltir vigtarmenn hafna hafi aðgang að fræðslu og endurmenntun sem nýtist í starfi. Í því skyni að styrkja þann þátt eru aðilar sammála um að hafa með sér samstarf um fræðslu og framboð á námskeiðum, sem löggiltir vigtarmenn geti nýtt.
 - f. Fiskistofa er reiðubúin til að gera samkomulag við einstakar hafnir um stuðning við eftirlitshlutverk löggilttra vigtarmanna. Á grundvelli þess verði m.a. lögð áhersla á eftirfarandi þætti:
 - ✓ Vigtun afla, aflasamsetningu og gæði vigtunar.
 - ✓ Rýni gagna, vigtarnótur og tilkynningar frá eigendum afla.
 - ✓ Áhættuþætti sem lúta að löndun afla og skráningu.
 - g. Aðilar eru sammála um að skipa tvo fulltrúa hvor í samstarfsnefnd, sem hittist reglulega til þess að fara yfir mál sem varða yfirlýsingu þessa og önnur atriði sem mikilvægt er að eiga samstarf um.




4. Hafnasamband Íslands hefur á liðnum árum óskað eftir því að látið verði reyna á hvort unnt sé að koma við fjarvigtun á höfnum sem reka fleiri en eina hafnaraðstöðu. Hafnasamband Íslands mun halda áfram að leita leiða og láta á það reyna hvort þessi leið sé fær. Fiskistofa er reiðubúin til að skoða með Hafnasambandi Íslands hvernig megi gera tilraun í þessu efni að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
5. Íslenskar hafnir, sem hafa yfir að ráða eftirlitsmyndavélakerfi munu ekki gera athugasemd fyrir sitt leyti ef Fiskistofa fær heimild að lögum eða Persónuverndar til aðgangs að myndavélakerfum hafnanna. Ef til þess kemur þarf Fiskistofa að gera samning við viðkomandi höfn um aðganginn og lúta þeim reglum sem gilda um slíkan aðgang.

Samstarfsyfirlýsing þessi hefur verið lögð fyrir stjórnir hafna og er samþykkt af stjórn Hafnasambands Íslands.

Reykjavík 5. september 2018



F.h. Hafnasambands Íslands



F.h. Fiskistofu